

119. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn mánudaginn 8. nóvember 2004, kl. 12:00 að Austurvegi 56, Selfossi.

Mættir: Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Orri Hlöðversson og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- 1. Samkomulag um tilhögun sorpurðunar í Kirkjuferjuháleigu.**
Lagt fram samkomulag á milli stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands og Sveitarfélagsins Ölfus, dags. 3. nóvember 2004, um tilhögun sorpurðunar í Kirkjuferjuháleigu
- 2. Gerð nýs deiliskipulags.**
Samþykkt að fela Landformi ehf. að gera tillögu að nýju deiliskipulagi á grundvelli hugmynda um mótun lands í Kirkjuferjuháleigu sem kynntar voru Sveitarfélaginu Ölfusi sumarið 2003.
- 3. Samkomulag við SASS um skrifstofuþjónustu.**
Formanni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá samkomulagi á grundvelli umræðna á fundinum.
- 4. Ráðning framkvæmdastjóra.**
Stjórnin ræddi málið og formanni falið að afla tiltekinna upplýsinga.
- 5. Samstarf við önnur fyrirtæki.**
Stjórnin lýsir sig reiðubúna til að taka upp viðræður við önnur fyrirtæki um samstarf og samvinnu í framtíðinni m.a. um leit að nýju urðunarsvæði.

Fundi slitið kl. 14:10

*Einar Njálsson
Orri Hlöðversson*

*Ágúst Ingi Ólafsson
Þorvarður Hjaltason*